LÖG

um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Um efnisleg takmörk ríkisreiknings.

1. gr.

Á ríkisreikning skal færa sundurliðaða reikninga ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja og sjóða í ríkiseign, þó ekki reikninga banka og annarra lánastofnana.

Halda skal reglulegt tvíhliða bókhald um allar fjárreiður þeirra aðila, sem ríkisreikningur nær til, sbr. 1. málsgrein, eftir þeim meginreglum, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Reikningar félaga, fyrirtækja, stofnana og sjóða, sem ekki eru í ríkiseign, en hafa tekjustofna skv. sérstökum lögum, skulu birtir í sérstöku hefti B-deildar Stjórnartíðinda á næsta ári eftir lok reikningsárs. Ríkissjóður skal jafnan innheimta þessar tekjur eða fela ákveðnum aðila að gera það í sínu umboði, og skulu þær færðar til tekna og gjalda á rekstrarreikningi ríkisins. Ef tekjurnar renna til sömu aðila eða atvinnugreina og þær eru innheimtar hjá eða til opinberra aðila, sem eru utan ríkisreiknings, skal þó einungis sýna þær í teknahlið, en jafnframt færa þær til frádráttar, sbr. 26. gr.

Ríkisbókhaldið annast innköllun reikninga frá nefndum aðilum og sér um birtingu þeirra í samráði við ritstjóra Stjórnartíðinda. Reikningar skulu gerðir eftir fyrirsögn ríkisbókhaldsins, þannig að auðvelt sé að tengja þá við ríkisreikninginn.

Ákvæði næstu málsgr. hér á undan taka ekki til reikninga sveitarfélaga.

Heimilt er að láta ákvæðin um birtingu í sérstöku hefti B-deildar Stjórnartíðinda ná til hlutafélaga, sem ríkissjóður á hlut í, en eru ekki á ríkisreikningi, en þó skulu þau undanþegin ákvæðum þessara laga um form reikninga.

II. KAFLI
Um reikningsárið.

3. gr.

Reikningsár ríkisins er almanaksárið, og skal jafnan miða lokun reikninga við áramót.

4. gr.

Færslur hvers reikningsárs skal miða við raunveruleg skipti ríkisins við aðra aðila, athafnir þess og framkvæmdir, án tillits til þess, hvort greiðsla hefur farið fram í reiðufé. Öll skuldaskipti, sem koma fram við lokun ríkisreiknings, hvort sem eru útistandandi kröfur ríkissjóðs eða skuldir, skulu færð á viðskiptamannareikninga eða aðra reikninga, er gefi tegund kröfuréttindanna til kynna. Reikningarnir skulu sýna stöðu sjóðs og bankareikninga um áramót að afloknum lokunarfærslum, svo sem færslu áfallinna vaxta.

5. gr.

Reglur 4. gr. taka einnig til skipta ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta ríkisreiknings við ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta, sbr. 6. gr.

III. KAFLI

Um efnisskipun ríkisreiknings og reikningatengsl.

6. gr.

Ríkisreikningur skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta.

A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana, en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, þar á meðal almannatryggingar, skv. nánari ákvörðun ríkisreikningsnefndar.

7. gr.

Með ríkisfyrirtækjum er átt við ríkisaðila, sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum og þjónustu eða hafa starfsemi með höndum, sem í meginatriðum er hliðstæð við starfsemi einkaaðila. Hjá þeim einum skal eignfæra og afskrifa efnislega fjármuni.

8. gr.

A-hluti ríkisreiknings skiptist í eftirtalda meginkafla auk heildaryfirlits, er sýni aðalniðurstöður og reikningatengsl:

1. Rekstrarreikningur.
2. Endurmatsreikningur.
3. Efnahagsreikningur.
4. Fjármagnshreyfingar.
5. Sérstök yfirlit.

9. gr.

Rekstrarreikningi og endurmatsreikningi, sbr. 8. gr., skal loka með mótbókunum á efnahagsreikning. Samkvæmt efnahagsreikningi og höfuðbókarreikningum skal gera yfirlit um fjármagnshreyfingar, og skiptist sá kafli í lánahreyfingar og hreyfingar greiðslufjárreikninga.

10. gr.

Í 1. kafla A-hluta ríkisreiknings, sbr. 8. gr., og þeim hluta 4. kafla, er sýnir lánahreyfingar, skal sýna samanburð við fjárlög, og einnig í þeim sérstöku yfirlitum í 5. kafla, sem sýnd eru á fjárlögum. Við hlið fjárlagatalna skal sýna geymdar fjárveitingarheimildir frá fyrri árum.

11. gr.

Heildaryfirlitið, sbr. 8. gr., sýni m. a. brúttótölur rekstrarreiknings og endurmatsreiknings (ef endurmat hefur átt sér stað), og eignir og skuldir í ársbyrjun og árslok. Rekstrarreikningi og endurmatsreikningi skal loka með færslu rekstrar- og endurmatsjafnaða á efnahagsreikning. Breytingar eigna og skulda (fjármagnshreyfingar) frá ársbyrjun til ársloka skal enn fremur sýna í tvennu lagi, þ. e. lánajöfnuð (nettóbreytingu lánahreyfinga samkvæmt 43. gr.) og greiðslujöfnuð (þ. e. nettóbreytingu greiðslufjárreikninga samkvæmt 44. gr.).

Nánari ákvæði um einstaka kafla A-hluta ríkisreiknings eru í IV.—VIII. kafla.

12. gr.

B-hluti ríkisreiknings skiptist í eftirtalda meginkafla:

1. Yfirlitsreikningar fyrirtækja og sjóða í ríkiseign.
2. Reikningar einstakra fyrirtækja og sjóða.
3. Sérstök yfirlit.

13. gr.

Í 2. kafla B-hluta ríkisreiknings, sbr. 12. gr., skal sýna, fyrir hvern aðila sérstaklega, sundurliðaðan rekstrarreikning, endurmatsreikning og efnahagsreikning.

14. gr.

Yfirlitsreikningarnir skulu sýna samandregið yfirlit yfir reikninga einstakra aðila í B-hluta ríkisreiknings.

Nánari ákvæði um einstaka kafla B-hluta ríkisreiknings eru í IX.—XI. kafla.

15. gr.

Í B-hluta ríkisreiknings skal sýna samanburð við fjárlög, þar sem því verður við komið, svo sem í rekstrarreikningi, lánahreyfingum, fjármunahreyfingum og þeim sérstöku yfirlitum, sem einnig eru á fjárlögum.

IV. KAFLI

Um rekstrarreikning A-hluta ríkisreiknings.

16. gr.

Tekjur skulu færðar á því ári, er þær eru lagðar á eða hæfar til ákvörðunar samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

Beinir skattar skulu færðir á álagningarárinu með frádrætti fyrir vanhöldum, fram komnum eða áætluðum við reikningslokun.

Aðflutningsgjöld skulu færð á því ári, er tollafgreiðsla fer fram, en útflutningsgjöld eftir fardögum skipa eða annarra flutningstækja frá landinu.

Sölu-, veltu- eða framleiðsluskattar skulu færðir á það ár, er salan, veltan eða framleiðslan á sér stað, enda þótt ekki sé hægt að gera fullnaðarskil fyrr en á næsta ári. Ráðherra getur þó ákveðið, að færsla slíkra tekna sé miðuð við gjalddaga, enda sé um fastan, lögleyfðan gjaldfrest að ræða, er miðaður sé við eðlilegan innheimtutíma gjaldanna.

17. gr.

Ef beinir skattar eru krafðir um leið og tekjur falla til greiðslu, er heimilt að færa þá á innheimtuárinu, þótt endanleg álagning fari fyrst fram ári síðar.

18. gr.

Nú eru lagðir á nýir skattar, og skal þá reikningsfærslan fara eftir meginreglum þessa kafla.

19. gr.

Tekjur skal flokka í fjóra meginflokka eftir eðli teknanna, án tillits til þess, hvaða aðili innheimtir þær. Teknaflokkarnir eru þessir:

1. Skattar.
2. Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings.
3. Ýmsar tekjur.
4. Innheimt fé fyrir aðra.

20. gr.

Með sköttum er í 1. tölulið 19. gr. átt við þá fjárhæð, sem ríkið leggur á einstaklinga og félög, án þess að beint framlag komi á móti frá ríkinu.

Rekstrarhagnað fjáröflunareinkasalna ríkisins skal telja með sköttum, sbr. 1. tölulið 19. gr., en ekki með arðgreiðslum annarra fyrirtækja og sjóða í ríkiseign, sbr. 2. tölulið 19. gr., enda þótt reikningar einkasalnanna séu í B-hluta ríkisreikningsins.

21. gr.

Skatta skal flokka í beina skatta og óbeina, og hvorum flokknum um sig skal aftur skipta niður, þannig að séð verði, hvernig upphæð beinna skatta skiptist milli persónuskatta, eignarskatta og tekjuskatta, og upphæð óbeinna skatta milli gjalda af innflutningi, gjalda af framleiðslu, gjalda af seldum vörum og veittri þjónustu og annarra óbeinna skatta.

22. gr.

Þótt skattar eða aðrar ríkistekjur renni beint til ákveðinna fyrirtækja eða sjóða í B-hluta ríkisreiknings, skulu þessar fjárhæðir færðar til tekna á rekstrarreikningi í A-hluta og ráðstöfun þeirra sýnd gjaldamegin á rekstrarreikningi í A-hluta.

23. gr.

Skattar, sem renna til ákveðinna stofnana í A-hluta ríkisreiknings, skv. sérstökum lögum eða ákvæðum, skulu færðir til tekna á rekstrarreikningi og ráðstöfun þeirra gjaldamegin.

24. gr.

Tekjur, sem ríkisstofnanir í A-hluta ríkisreiknings hafa beinlínis fyrir þjónustu eða annað framlag (þ. e. tekjur þjónustueðlis, en ekki skatteðlis), skal færa sem frádráttarlið frá gjöldum viðkomandi aðila á rekstrarreikningi.

25. gr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings skal flytja yfir í teknahlið A-hluta, sbr. 2. tölulið 19. gr., nema rekstrarhagnað fjáröflunareinkasalna ríkisins, sem talinn er skattur. Fjármálaráðherra setur reglur um greiðslu slíks arðs til ríkissjóðs, sbr. 54. gr.

26. gr.

Liðurinn „innheimt fé fyrir aðra“ nær aðeins til tekna, sem renna til sömu aðila eða atvinnugreina og þær eru innheimtar hjá eða til opinberra aðila utan ríkisreiknings. Skulu þessar tekjur færðar inn og út í teknahlið rekstrarreiknings.

27. gr.

Nú renna skattar að hluta til ríkisins og að hluta til annarra opinberra aðila (t. d. sveitarfélaga), og skal þá færa ríkishlutann í teknaflokk 1, sbr. 19. gr., en hinn hlutann í teknaflokk 4, sbr. sömu gr.

28. gr.

Innheimtulaun, sem ríkissjóður greiðir, skal ekki draga frá teknamegin á rekstrarreikningi, heldur færa þau til gjalda á viðeigandi grein. Á það við jafnt um sérstök innheimtulaun sýslumanna, bæjarfógeta o. fl. aðila og kostnað við rekstur stofnana, sem annast innheimtu.

Innheimtulaun, sem ríkissjóður fær vegna innheimtu fyrir aðra, skal telja með ýmsum tekjum, sbr. 3. tölulið 19. gr.

29. gr.

Með ýmsum tekjum í 3. tölulið 19. gr. skal m. a. telja vaxtatekjur, arð af hlutabréfum, söluandvirði óeignfærðra fjármuna, endurgreitt stofnfé (sbr. 33. gr.), gjafafé og ýmsa leiðréttingarliði, sem hvorki verða færðir beint á teknaliði, sbr. 1., 2. og 4. tölulið 19. gr., né koma meðal frádráttarliða frá gjöldum ýmissa stofnana, sbr. 24. gr.

30. gr.

Gjöld skulu færð á því ári, er afhending verðmæta fer fram og hvers konar vinna eða þjónusta er innt af hendi, er hefur í för með sér fjárhagslega skuldbindingu fyrir ríkið eða greiðslu úr ríkissjóði.

31. gr.

Gjöld skal fyrst flokka eftir ráðuneytum, því næst eftir aðilum eða málefnum, sem fjárveitingin rennur til, og loks eftir hagrænu eðli gjaldanna.

32. gr.

Fjárveitingar til fjármunamyndunar þeirra aðila, sem eru í A-hluta ríkisreiknings, skal ekki eignfæra, heldur færa þær í gjaldahlið rekstrarreiknings. Semja skal sérstakt yfirlit yfir slíkar fjárveitingar, sbr. 45. og 46. gr.

33. gr.

Stofnfjárframlög til ríkisfyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings skal færa í gjaldahlið rekstrarreiknings í A-hluta. Endurgreiðslur höfuðstóls þessara aðila skal færa með ýmsum tekjum í lið nr. 3 í teknahlið rekstrarreiknings, sbr. 19. gr., en arðgreiðslur þeirra í lið nr. 2, sbr. og 19. gr.

34. gr.

Fjárveitingar, sem eru ekki notaðar á fjárveitingarárinu, sbr. 66. gr., skal ekki færa til gjalda fyrr en á því ári, er þær eru notaðar. Í samræmi við þetta skal ekki færa þær þá til skuldar í lok fjárveitingarársins, heldur halda sérstaka skrá yfir þær, sbr. 48. gr.

V. KAFLI

Um endurmatsreikning A-hluta ríkisreiknings.

35. gr.

Á endurmatsreikning í 2. kafla A-hluta ríkisreiknings skal færa matsbreytingar eigna og skulda á efnahagsreikningi, þ. á m. gengishagnað og gengistap og matshækkanir og lækkanir hlutabréfa.

36. gr.

Fjárveitingar til fjármunamyndunar, sem færðar hafa verið á rekstrarreikning í A-hluta ríkisreiknings og þannig afskrifaðar, skulu færðar á endurmatsreikning í B-hluta, ef skilyrði skapast til eignfærslu, sbr. 7. gr.

Nú er afskrifuð eign seld og skal þá færa söluandvirðið með ýmsum tekjum í teknahlið rekstrarreiknings.

VI. KAFLI

Um efnahagsreikning í A-hluta ríkisreiknings.

37. gr.

Í eignahlið efnahagsreiknings skal a. m. k. greina milli eftirtalinna eignaflokka:

1. Sjóður (seðlar, ávísanir, skiptimynt) hjá ríkisféhirði sérstaklega og öðrum ríkisaðilum sérstaklega.
2. Bankainnstæður.
3. Ýmsar innstæður. Hér skal m. a. telja óinnheimtar ríkissjóðstekjur, fyrirframgreiðslur, innstæður hjá ýmsum viðskiptamönnum o. þ. h.
4. Hlutabréf, verðbréf o. þ. h.
5. Veitt lán, aðgreind í stutt lán og löng lán, og hvor lið um sig í innlend lán og erlend lán.

38. gr.

Í A-hluta ríkisreiknings skal ekki eignfæra efnislega fjármuni, sbr. 7. gr.

39. gr.

Í skuldahlið efnahagsreiknings skal a. m. k. greina milli eftirtalinna skuldaflokka:

1. Yfirdráttur bankareikninga.
2. Ýmsar lausaskuldir. Hér skal m. a. telja ógreidd gjöld, fyrirframgreiðslur til ríkisins, ýmsar lausaskuldir við viðskiptamenn, geymt innheimtufé o. fl.
3. Tekin lán, aðgreind í stutt lán og löng lán og hvor liður um sig í innlend lán og erlend lán. Lán í Seðlabankanum skal jafnan tilgreina sérstaklega.

40. gr.

Lán, sem ríkissjóður tekur til að endurlána ríkisfyrirtækjum eða öðrum aðilum, skal færa um reikning ríkisábyrgðasjóðs í B-hluta ríkisreiknings.

41. gr.

Mat eigna og skulda skal, eftir því sem við verður komið, miða við raunverulegt verðmæti í lok reikningsárs, en heimilt er þó að fylgja reglum skattalaga, ef þær víkja ekki verulega frá ofangreindri reglu.

VII. KAFLI

Um fjármagnshreyfingar A-hluta ríkisreiknings og greiðslujöfnuð.

42. gr.

Fjármagnshreyfingar í 4. kafla A-hluta ríkisreiknings skiptast í lánahreyfingar og hreyfingar greiðslufjárreikninga, sbr. 9. gr.

43. gr.

Lánahreyfingar skulu sýna breytingar á lánareikningum, þ. e. liðum nr. 4 og 5 eignamegin og nr. 3 skuldamegin á efnahagsreikningi, sbr. 37. gr. og 39. gr.

Í sundurliðun skal greina sérstaklega tekin lán, veitt lán, greiddar og mótteknar afborganir og hækkanir og lækkanir einstakra liða vegna endurmats. Þá skal og jafnan sýna sérstaklega breytingar vegna aukningar eða endurgreiðslu á hlutabréfum o. þ. h.

44. gr.

Hreyfingar greiðslufjárreikninga á efnahagsreikningi, sbr. 37. gr. og 39. gr., skulu sýna greiðslujöfnuð ríkissjóðs eftir formi greiðslufjár, þar sem sjóðjöfnuður, bankajöfnuður og jöfnuður lausaskulda og ýmissa inneigna (breytingar á geymdu innheimtufé meðtaldar) eru sýndir sérstaklega.

Auk hinna einstöku jafnaða skal sýna brúttóupphæðir, sem þeir eru byggðir á, og hækkanir og lækkanir einstakra liða vegna endurmats.

VIII. KAFLI

Um sérstök yfirlit í A-hluta ríkisreiknings.

45. gr.

Jafnan skulu eftirtalin sérstök yfirlit vera í 5. kafla A-hluta ríkisreiknings, sbr. 8. gr.:

1. Yfirlit yfir óeignfærða fjármunamyndun.
2. Skrá yfir geymdar fjárveitingar.

3. Yfirlit um gjöld eftir hagrænu eðli þeirra.
4. Skrá yfir tekjur ríkissjóðs eftir innheimtuaðilum.

46. gr.

Með óeignfærðri fjármunamyndun í 1. tölulið 45. gr. er átt við fjármunamyndun ríkisins, sem færð er til gjalda í A-hluta ríkisreiknings og þannig afskrifuð til fulls. Skráin skal vera sundurliðuð eftir fjárlagagreinum og tegundum fjármuna.

47. gr.

Gera skal yfirlit yfir verðmæti óeignfærðra fjármuna eigi sjaldnar en á 10 ára fresti og skal þá miða við áætlað endurnýjunarvirði að frádregnum afskriftum.

48. gr.

Skrá yfir geymdar fjárveitingar, sem í gildi eru og hvorki hafa verið færðar til gjalda né skulda í ríkisreikningi, skal gerð með tilvísun í fjárlagagreinar og fjárlagaár. Þar skal koma fram sundurliðuð notkun geymdra fjárveitinga frá fyrri árum, sbr. 2. tölulið 45. gr.

49. gr.

Yfirlit um flokkun gjalda eftir hagrænu eðli þeirra skal miða við mestu sundurliðun bruttógjalda í ríkisreikningi, og frádráttur vegna tekna sýndur sérstaklega.

50. gr.

Heimilt er ráðherra að taka inn í 5. kafla A-hluta ríkisreiknings, sbr. 8. gr., önnur yfirlit en þau, sem getið er hér að framan. Ríkisreikningsnefnd getur einnig gert tillögur um birtingu slíkra yfirlita.

IX. KAFLI

Um yfirlitsreikninga fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings.

51. gr.

Yfirlitsreikningar fyrirtækja og sjóða í ríkiseign skulu sýna helztu atriði reikninga einstakra aðila í B-hluta ríkisreiknings, svo sem tekjur, gjöld og rekstrarjöfnuð, hækkanir, lækkanir og jöfnuð endurmatsreiknings, eignir, skuldir og höfuðstól ríkissjóðs, fjármunahreyfingar (þar með taldar afskriftir) og fjármagnshreyfingar.

X. KAFLI

Um reikninga einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings.

52. gr.

Tekjur á rekstrarreikningi skal sundurliða þannig, að eftirtaldir liðir séu greindir sérstaklega: Beinir fjárlagastyrkir, sem eru gjaldfærðir í A-hluta ríkisreiknings, sérstakir skattar eða aðrar ákveðnar ríkistekjur, sem renna til tiltekinna aðila og eru gjaldfærðir í A-hluta ríkisreiknings, og tekjur af vörusölu eða þjónustu.

53. gr.

Gjöld á rekstrarreikningi skal sundurliða í samræmi við hagræna flokkun gjalda í A-hluta ríkisreiknings, sbr. 49. gr., en þó skal við það miða, að flokkun gjaldanna verði sem sambærilegust við það, sem tíðkast hjá fyrirtækjum í einkaeign.

54. gr.

Fjármálaráðherra setur reglur um greiðslu rekstrarhagnaðar fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings í ríkissjóð, að svo miklu leyti sem slíkt er ekki lögákveðið. Greiðslurnar skulu færðar til tekna í A-hluta ríkisreiknings, á lið nr. 2, sbr. 19. gr., arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign. Að öðru leyti er fyrirtækjum og sjóðum heimilt að nota rekstrarhagnað til aukningar hreinnar eignar með þeim takmörkunum, sem fjármálaráðherra setur eða ákveðnar eru með lögum.

55. gr.

Efnislega fjármuni fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings skal afskrifa, miðað við matsverð í árslok, og sé afskriftatími miðaður við áætlaðan endingartíma fjármuna, þegar því verður við komið, eða farið eftir reglum skattalaga og öðrum reglum skattyfirvalda.

56. gr.

Reikna skal fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings vexti af lánum frá ríkissjóði og lausaskuldum við hann, eftir nánari reglum, er fjármálaráðherra setur.

57. gr.

Um mat á efnahagsreikningi fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings gilda sömu meginreglur og um mat í A-hluta, sbr. 41. gr. og 55. gr. Þetta á einnig við um endurmat.

58. gr.

Ef efnislega fjármuni, sem hafa ekki verið eignfærðir, heldur færðir til gjalda á fjárveitingarárinu, má eignfæra síðar, þannig að um sérstakt fyrirtæki verði að ræða, skv. skilgreiningu 7. gr., skal framkvæma endurmatið í B-hluta ríkisreiknings.

59. gr.

Auk árlegs endurmats efnislegra fjármuna, skal a. m. k. tíunda hvert ár framkvæma sérstakt ýtarlegra endurmat, er sé miðað við áætlað endurnýjunarvirði að frádregnum afskriftum.

60. gr.

Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings skulu í efnahagsreikningi greina milli hliðstæðra liða og kveðið er á um í 37. gr., en auk þess skal eignfæra efnislega fjármuni, svo sem lönd, náttúruréttindi, húseignir, vélar og tæki.

XI. KAFLI

Um sérstök yfirlit í B-hluta ríkisreiknings.

61. gr.

Í 3. kafla B-hluta ríkisreiknings, sbr. 12. gr., skal vera sérstakt yfirlit um gjöld á rekstrarreikningunum í heild, flokkuð eftir hagrænu eðli þeirra. Þar má einnig birta ýmsar samdráttar- eða sundurliðunarskrár og -töflur með tilvísun í reikninga í 2. kafla B-hluta ríkisreiknings, eftir því sem ástæða þykir til. Meðal annars er heimilt að birta þar sundurliðaðar fjármunahreyfingar, lánahreyfingar og hreyfingar greiðslufjárreikninga fyrirtækjanna og sjóðanna í heild.

XII. KAFLI
Um efnisskipun fjárlaga o. fl.

62. gr.

Fjárlög skiptast í tvo hluta, A-hluta og B-hluta, á sama hátt og ríkisreikningur, sbr. 1. málsgrein 6. gr.

63. gr.

Í A-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi og lánahreyfingar, að svo miklu leyti sem séð verður fyrir við fjárlagaafgreiðslu.

64. gr.

Í B-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi, lánahreyfingar og fjármunahreyfingar hvers aðila sérstaklega, og auk þess skal birta yfirlitsáætlanir, sbr. 51. gr., eftir því sem við verður komið.

65. gr.

Fjárlagaárið skal afmarka eftir reglum, sem um ræðir í II. kafla, og allar sömu meginreglur skulu gilda um efnisskipun og sundurliðun fjárlaga og þær, er gilda um ríkisreikning, að svo miklu leyti sem við á. Þó má sundurliðun í fjárlögum vera minni en í ríkisreikningi.

66. gr.

Merkja skal sérstaklega þær fjárveitingar, sem geyma má, ef þær eru ónotaðar í lok reikningsárs. Geymsluheimildin skal gilda til fjögurra ára.

Ekki er heimilt að geyma fjárveitingar til venjulegs rekstrar ríkisstofnana eða annarra aðila, sem slíkar fjárveitingar fá. Undanþágur má þó veita frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Fjármálaráðherra ákveður nánar um geymslu ónotaðra fjárveitinga.

67. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að láta sérstök yfirlit, sams konar eða hliðstæð þeim, sem getið er um í VIII. kafla, fylgja fjárlagafrumvarpi og fjárlögum, og jafnan skal fylgja skrá yfir ónotaðar fjárveitingar, sem gilda áfram sem fjárveitingarheimildir, og yfirlit um gjöld eftir eðli þeirra.

68. gr.

Fjárlagafrumvarpi skal jafnan fylgja tölulegur samanburður við fjárlög síðasta reikningsárs og síðasta fullgerðan ríkisreikning.

XIII. KAFLI
Um úrskurðarvald ráðherra og ríkisreikningsnefnd.

69. gr.

Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd laganna og fellir úrskurð, þegar vafi leikur á því, hvernig fara skuli með einstök atriði samkvæmt ákvæðum þeirra.

70. gr.

Skipa skal sérstaka nefnd, ríkisreikningsnefnd, er vera skal fjármálaráðherra til ráðuneytis um atriði, er varða uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og önnur atriði, er hafa meginþýðingu fyrir það reikningslega kerfi, er lögunum er ætlað að tryggja, eftir því sem nánar er kveðið á um í einstökum köflum laganna og í þessum kafla.

71. gr.

Nefndin skal skipuð sex mönnum. Fjórir menn skulu eiga sæti í henni samkvæmt stöðu sinni, þ. e. ríkisbókari, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, ríkisendurskoðandi og hagstofustjóri eða staðgöngumenn þeirra. Hinir tveir skulu skipaðir eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands og Efnahagsstofnunarinnar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

72. gr.

Ríkisreikningsnefnd skal jafnan gera tillögur til ráðherra, áður en úrskurður er felldur eða reglur settar um einstök ákvæði laganna, þar á meðal eftirtalin atriði:

1. Hvort reikningar ákveðinna aðila skuli birtir í ríkisreikningi, sbr. 1. gr.
2. Hvort fé, sem ríkissjóður innheimtir fyrir ýmsa aðila (aðra en ríkisaðila), sem hafa tekjustofna samkvæmt sérstökum lögum, en ekki beinlínis fyrir fjárlagasamþykkt, skuli fært til tekna og gjalda á rekstrarreikningi eða inn og út teknamegin, sbr. 2. gr.
3. Hvort einstakir ríkisaðilar skuli taldir í A-hluta eða B-hluta ríkisreiknings, sbr. 6. gr. og 7. gr.
4. Hvernig haga skuli formi og sundurliðun heildaryfirlits í A-hluta og yfirlitsreikninga í B-hluta, sbr. 8. gr., 12. gr. og 51. gr.
5. Hvernig flokka skuli og sundurliða tekjur, gjöld, fjármagnshreyfingar, eignir og skuldir og hvernig skuli merkja einstakar fjárveitingar á fjárlögum eftir hagrænu eðli og tímamörkum, sbr. IV., VI., VII., X. og XII. kafla.
6. Hvernig nota skuli heimildir 16. og 17. gr., um færslu tekna á reikningsár miðað við gjalddaga.
7. Hvenær söluandvirði óeignfærðra fjármuna í A-hluta ríkisreiknings skuli fært með „ýmsum tekjum“ í teknahlið rekstrarreiknings og hvenær dregið frá gjöldum einstakra stofnana, sbr. 29. gr.
8. Hvernig útfæra skuli reglurnar um mat eigna og skulda og framkvæmd endurmats, sbr. V. kafla, 41. gr., 55. gr. og 57. gr.
9. Hvernig einstök yfirlit skv. VIII. kafla og XI. kafla skuli gerð úr garði og hvaða yfirlit skuli birt umfram þau, sem lögin ákveða.
10. Hvaða reglur skuli settar fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign um tilhögun fjárskila til ríkissjóðs og tilhögun bókhalds og reikningsskila til ríkisbókhaldsins, sbr. X. kafla.
11. Hvort undanþágur skuli veittar til geymslu fjárveitinga, sbr. 66. gr.

73. gr.

Ríkisreikningsnefnd skal jafnan höfð með í ráðum um uppsetningu fjárlagafrumvarps.

74. gr.

Nánar skal kveða á um hlutverk nefndarinnar og störf í reglugerð.

XIV. KAFLI
Um ríkisbókhald.

75. gr.

Ríkisbókhaldið hefur, fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila, er ríkisreikningurinn nær til, sbr. 1. gr., á grundvelli þessara laga og sér um gerð ríkisreiknings.

76. gr.

Heimilt er ríkisbókhaldinu að láta einstakar stofnanir, fyrirtæki og sjóði annast bókhald sitt sjálf að einhverju eða öllu leyti. Enn fremur er því heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að setja upp bókhaldsmiðstöðvar, er annist bókhald ákveðinna aðila, að svo miklu leyti sem það er ekki gert í ríkisbókhaldinu sjálfu. Allir þessir aðilar skulu þó lúta fyrirmælum ríkisbókhaldsins um reikningsfærsluna.

77. gr.

Setja skal reglur um skilafrest á reikningum til ríkisbókhalds fyrir þá aðila, sem um getur í 76. gr.

78. gr.

Ríkisbókhaldið annast innköllun reikninga frá félögum, fyrirtækjum, stofnunum og sjóðum, sem ekki eru ríkiseign, en hafa sérstaka tekjustofna skv. lögum, sbr. 2. gr. Enn fremur sér það um birtingu þeirra í samráði við ritstjóra Stjórnartíðinda, sbr. sömu gr., og hefur umsjón með innheimtu þeirra tekna, sem um getur í greininni.

79. gr.

Ríkisbókari er forstöðumaður ríkisbókhalds. Hann ber ábyrgð á störfum ríkisbókhaldsins og skal skipaður af fjármálaráðherra.

Nánar skal kveða á um verksvið ríkisbókhalds og stöðu ríkisbókara með reglugerð.

XV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

80. gr.

Fjárlagafrumvarp og fjárlög ársins 1968 skal semja eftir þeim reglum, sem kveðið er á um í I.—XIII. kafla, og ríkisreikning þess árs skal einnig semja eftir þeim reglum. Reglum þessara laga skal að öðru leyti, s. s. við lokun reikninga og afmörkun reikningsársins, beitt þegar frá reikningslokum ársins 1965, eftir því sem fært þykir að dómi fjármálaráðherra.

81. gr.

Ríkisreikningsnefnd skal skipa þegar að fenginni staðfestingu laganna.

82. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

II. kafli laga nr. 61/1931, um ríkisbókhald. — III. kafli laganna, um endurskoðun, verði II. kafli, og tölusetning lagagreinanna breytist þannig, að 8. grein verður 2. grein o. s. frv. — 3. málsgrein 14. greinar falli niður, en hún hljóðar svo: „Aðalendurskoðandi skal enn fremur hafa umsjón með störfum ríkisbókhaldsins fyrir hönd fjármálaráðherra eftir því, sem ráðherra ákveður".

Lög nr. 29/1905, um byggingarsjóð. — Eignir sjóðsins renni í ríkissjóð.

Lög nr. 78/1947, um fyrningarsjóð ríkisins. — Hrein eign sjóðsins renni í ríkissjóð.

Enn fremur eru úr gildi numin önnur fyrirmæli í lögum, er brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt lögum þessum.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

Nr. 53. 13. maí 1966.

LÖG

um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Inngangur.

1. gr.

Vernd barna og ungmenna tekur yfir þessi verkefni og úrræði:

1. Almennt eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnaheimilum, vöggustofum, dagheimilum, leikskólum, gæzluleikvöllum, sumardvalarheimilum, fávitahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv., sé eftirlitið ekki falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru líkamlega eða andlega miður sín, einkum þeim, sem eru blind, málhölt, fötluð eða fávita.
6. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru siðferðilega miður sín, hafa framið afbrot eða eru á annan hátt á glapstigum.
7. Vinnuvernd.
8. Eftirlit með skemmtunum.

Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldursskeiði 16—18 ára.

2. gr.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum: barnaverndarnefndir og barnaverndarráð. Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn barnaverndarmála.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu setja fram tillögur og ábendingar um úrræði, sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldisskilyrði, svo og að benda á félagsleg atriði, sem eru andstæð því uppeldistakmarki.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu leita samvinnu við forráðamenn skóla, heilsugæzlu og félagsmála og aðra þá, sem fjalla um málefni barna og ungmenna.